



Reglur um stuttmyndasamkeppni Sólveigar Anspach 2024

Alliance Française í Reykjavík og sendiráð Frakklands á Íslandi, sendiráð Íslands í París, Reykjavíkurborg, RIFF, stuttmyndahátíðin í Clermont Ferrand (ISFF), Zik Zak Filmworks, AGAT Films og Kvikmyndamiðstöð Íslands efna nú í sjötta sinn til stuttmyndasamkeppni í nafni leikstjórans Sólveigar Anspach, í virðingarskyni við leikstjóran sem lést í ágúst 2015.

Stuttmyndasamkeppni Sólveigar Anspach var stofnuð árið 2016. Markmið keppinnar er að heiðra stuttmyndir sem leikstýrt er af frönskum eða frönskumælandi / íslenskum eða íslenskumælandi konum, en um leið að styðja við frumlega kvikmyndagerð kvenna.

Sólveigar Anspach samkeppnin er opin stuttmyndum sem konur hafa leikstýrt.

Stuttmyndirnar, sem dómnefnd velur, verða sýndar á sérstakri kvöldstund í Reykjavík (á Íslandi)

1) Skilyrði fyrir þátttöku eru eftirfarandi:

- að leikstjóri stuttmyndarinnar sé kona, með ríkisfang eða búsetu í frönskumælandi landi, eða sé íslensk eða búsett á Íslandi og hún hafi ekki haft framleiðslufyrirtæki á bak við sig í fleiri en þremur myndum.
- að myndin sé að hámarki 20 mínútna löng, að meðtöldum kreditlistum. Öllum myndum, sem fara fram yfir þessi mörk, verður umyrðalaust hafnað.
- að lokið hafi verið við myndina eftir 1. janúar 2023.
- að myndin sé á frönsku eða íslensku.
- að myndin sé með enskum texta.
- að myndin hafi verið skráð til keppni fyrir **29. október 2023** kl. 23:00 UTC samkvæmt skilyrðum sem tilgreind eru í 3. lið.
- að myndin sé á VIMEO formi **eingöngu**.

Ef myndin kemst í úrval dómnefndar skuldbindur þátttakandinn sig til að senda myndina póstleiðis eða með rafrænum leiðum í DCP formi, til sýningar í kvikmyndasölum.

2) Keppnin er opin stuttmyndum af hvaða tagi sem er.

3) Umsóknargögn.

Skráning í keppnina er ókeypis.

Hver þátttakandi verður að skrá myndina fyrir 29. október 2023 kl. 23:00 UTC. Innritunareyðublaðið er að finna á slóðinni

<https://www.af.is/solveigar-anspach-verdlaunin-2024/>

Við innritun verður þátttakandi að veita :

- VIMEO tengil á myndinni

Umsækjendur mega ekki hafa fengið verðlaun Sólveigar Anspach áður.

4) Valið

Nefndin, sem skipuleggur keppnina, velur 20 stuttmyndir í úrslit úr hópi innsendra mynda.

Sjálf dómnefndin er skipuð frönsku- og íslenskumælandi fólki úr kvikmynda- og menningarheiminum. Hún velur bestu stuttmyndirnar á frönsku og á íslensku sem verða sýndar á RIFF. Dómnefndin afhendir verðlaun fyrir bestu stuttmyndina á frönsku og fyrir bestu stuttmyndina á íslensku.

Verðlaunagripur, sem íslenska listakonan Mireya Samper hannaði (<http://mireya.is/>), verður afhentur leikstjórum bestu tveggja verðlaunamyndanna eða fulltrúa þeirra.

Þátttakendur, sem eiga myndir í úrslitum, verða látnir vita af því í tölvupósti. Þeim verður boðið á kvöldvökuna í Reykjavík. Kostnaður við þátttökuna – ferðir, gisting, matur o.s.frv. – er ekki greiddur af aðstandendum keppinnar og er algjörlega á ábyrgð þátttakenda.

Ákvörðun skipulags- og dómnefnda verður ekki áfrýjað.

5) Dreifing og réttindi

Stuttmyndirnar má sýna án þóknunar meðan á kvikmyndahátíðinni stendur. Ábyrgðaraðilinn, sem skráir stuttmynd til keppinnar, fríar aðstandendur keppinnar af öllum kröfum og /eða málatilbúnaði sem kann að rísa af hálfu höfunda eða hagsmunaaðila, klippara, upptökustjóra, leikara, eða annarra sem tóku þátt í gerð myndarinnar, og almennt allra sem beint eða óbeint komu að framleiðslu eða tókum á stuttmyndinni sem skráð var í stuttmyndakeppni Sólveigar Anspach. Það sama á einnig við um hvern þann karl eða konu sem ekki tók þátt í framleiðslu eða tóku myndarinnar, en telur sig eiga tilkall til einhverra hagsmuna eða réttinda í tengslum við myndina á hátíðinni, í heild eða að hluta.

Skipuleggjendur hátíðarinnar skuldbinda sig til að nota stuttmyndirnar á engan hátt í viðskiptalegum tilgangi.

6) Afturköllun umsóknar

Öllum þátttakendum er frjálst að draga mynd sína út úr stuttmyndasamkeppninni með tilkynningu í tölvupósti til sashortfilms@af.is til 1. desember 2023. Eftir þann dag verður ekki hægt að afturkalla umsókn.

7) Tryggingar – ferðalög – tollar

Sendandi greiðir:

- flutningskostnað sem til fellur vegna sendingar myndarinnar í DCP formi til Alliance Française, ef til þess kemur.
- tryggingarkostnað vegna sendingar, og alls sem því heyrir til, á afriti stuttmyndarinnar.

8) Ágreiningur

Með því að taka þátt í stuttmyndakeppninni samþykkja þátttakendur sjálfkrafa að hlíta skilyrðislaust reglum keppinnar. Komi til ágreinings verður eingöngu byggt á frönskum texta reglnanna.

9) Ef keppnin verður felld niður

Aðstandendur keppinnar áskilja sér rétt til að breyta, seinka eða aflýsa keppninni vegna óviðráðanlegra aðstæðna sem upp kunna að koma.

Gert í Reykjavík 1. september 2023.